

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hæðarenda, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hæðarenda í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin felst í því að 18 frístundahúsalóðir eru felldar út en í stað þeirra veður svæðið tekið til skógræktar. Tvær lóðir norðan skógræktarsvæðisins eru sameinaðar í eina lóð og 5 lóðir vestan skógræktarinnar stækka til vesturs. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 21. maí 2003.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.

#### 1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er kveðið á um í auglýsingu þessari.

#### 2. gr.

Skipting námseininga milli námsgreina á félagsfræðabraut í töflu á bls. 22 verður þannig:

Íslenska	15
Stærðfræði	6
Danska <sup>1</sup>	6
Enska	15
Þriðja mál	12
Fjórdá mál	
Félagsfræði	6
Landfræði	3
Saga	9
Samfélagsgreinar skv. ákvörðun skóla	6
Náttúruvísindi	9
Eðlisfræði	
Efnafræði	
Jarðfræði	
Líffræði	
Íþróttir	8
Lífsleikni	3
<b>Samtals</b>	<b>98</b>